# Tengja saman útibú

Síðast uppfært 29/07/2026 3:14 pm BST

Ef þú ert með fleiri en einn Noona aðgang og vilt birta stofurnar þínar saman á vefsíðunni þinni eða inni á Noona appinu er lítið mál að tengja útibúin.

## Hvernig bý ég til nýtt útibú?

Til þess að búa til nýtt útibú sem er sjálfkrafa tengt útibúinu sem þú ert nú þegar með ferð þú í **Valmyndina -> Fyrirtækið -> Útibú -> Upplýsingar um útibú -> Nýtt útibú.**




Við það stofnast nýr Noona HQ aðgangur sem þarf að setja upp frá grunni.

Ef þú hefur nú þegar stofnað nýjan Noona HQ aðgang getur þú einnig smellt á þrjá punktana á útibúinu -> Move to chain




og valið þar hvaða útibúi þú vilt sameinast.



Þegar þú ert búin/n að samein útibúin þá mælum við með að setja inn upplýsingar um keðju, bæði nafn og myndir.




Þá birtast bæði útibúin undir sama nafninu í leitinni á Noona markaðstorginu:






Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbúbbluna ef eitthverjar spurningar vakna og/ef þú ert með einhverjar ábendingar 🙂